

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2022
UST202210-108/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matskyldufyrirspurn - stækkun Skaganámu.

Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 12. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um stækkun Skaganámu í Seyðisfirði. Upphaflega átti einnig að fjalla um losun umframefnis í þessu erindi en komið hefur í ljós að það er vandkvæðum bundið að varpa skriðuefni í hafið eins og upphaflega var áætlað. Til að tefja ekki framkvæmdir taldi Umhverfisstofnun að skipta ætti erindinu í tvennt meðan verið er að huga að því hvernig umframefni verði sem best komið fyrir. Þessi umsögn er því einungis um efnistöku í Skaganámu og mögulegan frágang námunnar.

Vegna ýmissa framkvæmda er gert ráð fyrir að stækka námuna þannig að unnt verði að taka allt að 350.000 m³ úr námunni vegna bygginga snjóflóðavarna og annarra framkvæmda.

Um er að ræða opna grjótnámu sem hefur þann kost að námuvegur liggur utan vegakerfis milli námunnar og núverandi vinnusvæðis. Í áætlun um efnistöku kemur fram að ganga eigi frá þeim hluta námunnar sem nýttur verður vegna yfirstandandi framkvæmda.

Hér er um að ræða viðbót við umhverfisáhrif sem eru að hluta þegar framkomin. Umhverfisstofnun telur að við efnistöku eigi að leggja áherslu á að fullvinna þann hluta námunnar strax sem ætlunin er að ganga frá. Reynslan hefur sýnt að oftast er skortur á efni til frágangs ástæða þess að erfitt reynist að ganga ásættanlega frá grjótnámum. Við frágang mætti hér nota umframefni og væri þá unnt að nýta ferðir í báðar áttir þegar flutningur á grjóti hefist. Þar sem um mikið magn umframefnis er að ræða ætti ekki að þurfa að huga að fláum vinnslustáls ef þessu efni verður keyrt í námuna en leggja ætti áherslu á að fella námuna að landi og milda jaðar námunnar með því að fella hlíð ofan námunnar að landi neðan hennar. Þar mundi framboð efnis ráða hvort unnt verður að gera þetta án þess að fjarlægja mön neðan námunnar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun að umrædd efnistaka muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur

Björn Stefánsson,
sérfræðingur